

Fimmtudaginn 22. júní 1989.

Nr. 324/1987. **Sigurjón Viðar Alfreðsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands,

Landsbanka Íslands,

Tryggingastofnun ríkisins,

Lífeyrissjóði verslunarmanna

(Baldvin Jónsson hrl.),

Guðjóni Gísla Hannessyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.),

Verslunarbanka Íslands hf.

(Baldvin Jónsson hrl.),

bæjarfógetanum í Garðakaupstað,

Áklæði og gluggatjöldum sf.,

Jóni Magnússyni hrl.

(Baldvin Jónsson hrl.),

Gjaldheimtunni í Garðakaupstað,

Ástvaldi Jónssyni,

Ólafi Þór Jónssyni

og

Báru Sigurjónsdóttur.

Uppboð. Vanhæfi. Ómerking. Heimvísun. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1987. Gerir hann þær dómkröfur, að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð, er fram fór á húseigninni Faxatúni 13 í Garðakaupstað 6. nóvember 1987, verði hrundið og hún ómerkt og úr gildi felld og synjað verði um framgang uppboðsins að öllu leyti. Þá verði stefndu in solidum gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands,

Tryggingastofnunar ríkisins, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Verslunarbanka Íslands hf., Áklæða og gluggatjalda sf. og Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns eru þær kröfur gerðar, að hinn áfrýjaði úrskurður og uppboðsgerð verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða þessum stefndu, hverjum fyrir sig, málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðjón Gísli Hannesson krefst þess og, að hinn áfrýjaði úrskurður og eftirfarandi nauðungaruppboð verði staðfest. Til vara krefst hann þess, að fram fari þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fyrrgreindri eign. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hafa ekki verið hafðar uppi kröfur fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi, dagsettu 22. febrúar 1985, til bæjarfógetans í Garðkaupstað var þess krafist af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins, að húseignin Faxatún 13 í Garðkaupstað, eign áfrýjanda, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt skuldabréfi, að eftirstöðvum 188.062,50 krónur. Síðar bárust beiðnir frá fleiri aðilum um uppboð á eigninni.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti 21. júní 1985, en uppboðið hafði verið auglýst í 66., 69. og 79. tölublaði Lögbertingablaðs 1985. Sóttu það nokkrir fulltrúar uppboðsbeiðenda, en enginn af hálfu áfrýjanda. Málinu var frestað til 6. september 1985. Það var síðan tekið fyrir þann dag, og kom þá einn fulltrúi uppboðsbeiðenda, en enginn f.h. áfrýjanda. Málið var næst tekið fyrir 5. desember 1985. Voru þar nokkrir fulltrúar uppboðsbeiðenda og áfrýjandi sjálfur. Voru gerðar sölutilraunir, og kom aðeins eitt boð í eignina, frá Búnaðarbanka Íslands í Garðkaupstað, 100.000,00 krónur. Áfrýjandi krafðist þess, að annað og síðasta uppboð yrði haldið á eigninni, og var það samþykkt, svo og, að það færi ekki fram fyrr en í apríl 1986.

Málið var næst tekið fyrir 28. apríl 1986. Var þá bókaður mættur af hálfu uppboðsbeiðenda Finnbogi H. Alexandersson, en enginn fyrir áfrýjanda. Í þinghaldi þessu var m.a. lögð fram uppboðsbeiðni Verslunarbanka Íslands hf., dagsett 29. nóvember 1985, undirrituð af Sigríði Jósefsdóttur, lögfræðingi bankans. Frestur var ákveðinn í málinu til 22. ágúst 1986. Var það síðan tekið fyrir þann dag,

og var þá bókaður mættur fyrir uppboðsbeiðendur Guðmundur Sophusson, en enginn af hálfu áfrýjanda. Var málinu enn frestað til 11. desember s.á. Þann dag fór á sömu leið, að málinu var frestað, nú til 24. mars 1987, en þinghaldið sótti fyrir uppboðsbeiðendur Rúnar Gíslason, en enginn af hálfu áfrýjanda. Hinn 24. mars 1987 var enn ákveðinn frestur til 16. júlí s.á., og af hálfu uppboðsbeiðenda var þá bókaður mættur Gunnar Aðalsteinsson, en fyrir áfrýjanda kom enginn.

Öllum þeim þinghöldum, sem hér hafa verið nefnd, stýrði Einar Ingimundarson, þáverandi sýslumaður og bæjarfógeti, en hann lét af störfum 1. júní 1987, og var Már Pétursson skipaður til þessara starfa frá sama tíma.

Hinn 16. júlí 1987 var mál þetta enn tekið fyrir í uppboðsrétti, og stýrði þinghaldinu Áslaug Guðjónsdóttir fulltrúi. Fyrir áfrýjanda sótti það Hjalti Steinþórsson hæstaréttarlögmaður og nokkrir af hálfu uppboðsbeiðenda, þar á meðal Sigríður Jósefsdóttir héraðsdómslögmaður f.h. Verslunarbanka Íslands hf., en hún er eiginkona Más Péturssonar, bæjarfógeta og sýslumanns. Ekkert gerðist í þinghaldi þessu annað en það, að lögð voru fram ný skjöl og ákveðinn frestur fram í september samkvæmt nánari ákvörðun uppboðshaldara. Var málið síðan tekið fyrir af Ingibjörgu Þorsteinsdóttur fulltrúa 11. september 1987. Var Hjalti Steinþórsson hæstaréttarlögmaður þar fyrir áfrýjanda og nokkrir fulltrúar gerðarbeiðenda, þar á meðal Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmaður fyrir hönd Verslunarbanka Íslands hf. Var málinu frestað ótiltekið.

Hinn 13. október 1987 var málið tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldara af Þuríði Kr. Halldórsdóttur fulltrúa. Bókað var, að af hálfu áfrýjanda væri í réttinum Elvar Örn Unnsteinsson héraðsdómslögmaður, en upplýst er í málinu, að hann rekur málflutnings-skrifstofu í félagi við Hjalta Steinþórsson hæstaréttarlögmann, sem var lögmaður áfrýjanda á þessum tíma. Auk þess voru þar komnir nokkrir fulltrúar uppboðsbeiðenda, þar á meðal Björn Jónsson héraðsdómslögmaður f.h. Verslunarbanka Íslands hf. Eftir að söluskilmálar höfðu verið kynntir og leitað boða í eignina, kom aðeins eitt boð fram, að fjárhæð 500.000,00 krónur, frá Garðari Garðarssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Vilhjálm Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns. Umboðsmaður áfrýjanda krafðist þriðju

sölu, og var síðan bókað orðrétt: „Ákveðið er að halda þriðja og síðasta uppboð 6. nóv. 1988 kl. 11.00.“

Þrátt fyrir ofangreinda bókun liggur fyrir, að uppboðshaldari sendi áfrýjanda og aðilum uppboðsins tilkynningar, dagsettar 14. október 1987, að þriðja og síðasta uppboð á eigninni færi fram 6. nóvember 1987 kl. 11.00 á eigninni sjálfri og að auglýsing yrði birt í dagblaði 3. nóvember s.á., ef uppboðið hefði þá ekki verið afturkallað.

Uppboðsréttur var síðan settur að Faxatúni 13 í Garðakaupstað á ofangreindum tíma af Þuríði Kr. Halldórsdóttur fulltrúa. Var áfrýjandi þar mættur og með honum Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður. Fyrir Verslunarbanka Íslands hf. mætti Björn Jónsson héraðsdómslögmaður. Af hálfu áfrýjanda var því mótmælt á grundvelli ofangreindrar bókunar 13. október, að uppboð færi nú fram. Fulltrúar uppboðsbeiðenda kröfðust þess, að uppboðið færi fram. Uppboðshaldari kvað þá upp þann úrskurð, að uppboð skyldi fara fram, með vísan til 3. mgr. 7. gr. laga nr. 12/1987, um breytingu á lögum nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, en þar er kveðið svo á, að þriðja og síðasta uppboð skuli fara fram innan fjögurra vikna frá öðru uppboði. Jafnframt hafi bókun um uppboð 6. nóvember 1988 verið augljós ritvilla, sem uppboðshaldari leiðrétti með vísan til 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Að kveðnum upp þessum úrskurði var leitað boða í eignina, og kom hæsta boð frá Báru Sigurjónsdóttur, sem er dóttir áfrýjanda, og hljóðaði það upp á 4.250.000,00 krónur.

II.

Svo sem rakið var hér að framan, undirritaði Sigríður Jósefsdóttir héraðsdómslögmaður, eiginkona Más Péturssonar, núverandi bæjarfógeta í Garðakaupstað, beiðni f.h. Verslunarbanka Íslands hf. um uppboð á húseign áfrýjanda, Faxatúni 13, Garðakaupstað. Var beiðnin lögð fram í uppboðsrétti 28. apríl 1986, þegar Einar Ingimundarson var bæjarfógeti og stýrði uppboðsþingi. Aðild Verslunarbanka Íslands hf. að uppboðsmáli þessu byggdist á þessari beiðni, einnig eftir að Már Pétursson tók við embætti bæjarfógeta, en fulltrúi hans hélt annað og þriðja uppboð á eigninni 13. október

og 6. nóvember 1987. Samkvæmt greinargerð lögmanns þess, sem málið flutti fyrir Hæstarétti f.h. Verslunarbanka Íslands hf., hafði hann umboð til þess frá Sigríði Jósefsdóttur f.h. bankans. Verður að telja, að Sigríður Jósefsdóttir hafi verið forsvarsmaður aðila í málinu, þótt hún hafi ekki sjálf sótt fyrrgreind uppboðsþing, svo að samkvæmt 3. tl. 36. gr. og 1. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, hafi bæjarfógeta borið að víkja sæti í málinu af sjálfsdáðum. Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja hina áfrýjuðu uppboðsgerð og meðferð málsins frá 16. júlí 1987 að telja og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar.

Átelja verður þýðingarlausar málsástæður og óviðeigandi ummæli um nafngreinda lögmennt í málflutningi lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Fulltrúar við embætti uppboðshaldara sóttu fjórum sinnum þing af hálfu uppboðsbeiðenda við fyrirtækt máls þessa. Var þingsókn þessara dómarafulltrúa óviðeigandi og andstæð reglum nr. 32/1971, um málflytjendastörf manna í opinberu starfi, sbr. 23. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð, sem fram fór 6. nóvember 1987 á Faxatúni 13, Garðakaupstað, eign áfrýjanda, Sigurjóns Viðars Alfreðssonar, skal vera ómerk, svo og meðferð uppboðsmáls þessa frá 16. júlí 1987, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.